

- 17 2. Skipti á eignum og skuldum Gullbringusýslu svo og ábyrgðarskuldbindingum
22. marz milli sýslunnar og Keflavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta.
Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

um kyrrsetningu og lögbann.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til bráðabirgðagerða fógætadóms, kyrrsetningar á fjármunum og mönnum og lögbanns. Fógætagerðir þessar má framkvæma, þótt eigi sé heimild til aðfarar.

Eigi er það skilyrði til framkvæmdar gerða þessara, að sönnur séu leiddar að rétti gerðarbeiðanda, en synja skal beiðni um þær, ef tvímælalaust má telja, að gerðarhafi eigi ekki réttindi þau, er hann hyggst að tryggja, eða að mál um þau sæti ekki úrlausn dómstóla.

2. gr.

Fógætagerðir samkvæmt lögum þessum framkvæmir héraðsdómari (í Reykjavík borgarfógeti) á þeim stað, er gerð skal fram fara, og nefnist þá fógeti. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður í kaupþúni, framkvæmir hann þar gerðir þessar.

Nú er svo skjótrar aðgerðar þörf, að ekki næst nægilega fljótt til fógeta, og getur hreppstjóri þá framkvæmt kyrrsetningu á fjármunum og lagt farbann á menn eða lagt lögbann við tiltekinni athöfn. Hreppstjóri skal hafa votta tvo við og skrá má gerð í hreppsþók, enda gæti hann ákvæða laga þessara um skilyrði til kyrrsetningar eigna, um tryggingu aðilja, bókanir, uppskrift og virðingu kyrrsettra muna, skilyrða 8. gr. til farbanns og skilyrða 26. gr. til lögbanns. Veita skal hreppstjóri gerðarbeiðanda eftirrit af gerðinni, og skal gerðarbeiðandi senda það fógeta með beiðni um staðfesting hans á henni, enda sé beiðnin komin til fógeta innan viku frá lokum gerðar. Annarskostar fellur gerð þegar niður. Fógeti sker síðan, svo fljótt sem unnt er, úr því fyrir dómi og að öðru samkvæmt lögum þessum, hvort gerðin skuli, með breytingum eða óbreytt, standa. Ef fógeti fellir gerð niður, getur hann framkvæmt nýja gerð, ef efni standa til.

3. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti skal fylgja fógetabók samkvæmt fyrirmælum 42. gr. laga nr. 85/1936, enda skal þar skrá nöfn aðilja og umboðsmanna þeirra, ef því er að skipta, kröfur aðilja og helztu rök til þeirra, um tryggingu, er sett kann að

verða, og annað, er að framkvæmd og úrslitum gerðar lýtur, um þýðingu hennar, bann við brotum á henni og hvað við þeim liggir.

18
22. marz

4. gr.

Votta tvo skal hafa við hverja gerð. Þar, er virða þarf fjármuni, má láta votta framkvæma virðingu, nema sérþekkingar sé þörf, enda skal þá kveðja til menn, er starfann megi leysa af hendi. Virðingamenn skulu undirrita heit um samvizkusama framkvæmd virðingar, áður en þeir taka til starfa.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði taka til fógetagerða samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt.

II. KAFLI

Um kyrrsetningu.

6. gr.

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelða fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

7. gr.

Eigi má kyrrsetja verðmæti, sem undan aðför eru þegin að lögum, né innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt.

8. gr.

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetninga.

Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

18 Kyrresetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og
22. marz ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krón-um eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrresetning á manni standa sex mánuðum lengur. Sama mann má einungis einu sinni kyrresetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrresetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrresetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskilyldum sínum.

9. gr.

Gerðarbeiðni skal vera skrifleg. Skal þar greina nöfn aðilja nægilega skýrt, kröfu og af hvaða rót hún sé runnin, gjaldþaga, ef því er að skipta, og rök til beiðni, ef krafa er ekki fallin í gjaldþaga. Skjöl þau, sem krafa er reist á, skulu venjulega fylgja beiðni.

Fógeti getur sett það skilyrði fyrir aðgerðum af sinni hendi, þegar er beiðni hefur verið honum í hendur fengin, að beiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir greiðslu þess tjóns og miskabóta, er gerðarþola kann að leiða af gerðarbeiðni.

10. gr.

Fógeti tilkynnir gerðarbeiðanda stað og stund til gerðar með hæfilegum fyrirvara. Gerðarþola skal eigi tilkynna gerð fyrir fram, nema gerðarbeiðandi óski þess eða ótvírætt þyki, að slík tilkynning geti ekki valdið gerðarbeiðanda réttarspjöllum.

Ef aðiljar hafa ekki orðið á annað sáttir, hefst kyrresetning á heimili eða dvalarstað gerðarþola, nema fógeta þyki nauðsyn á að byrja hana annars staðar, svo sem ef gerðarþoli á verðmæti utan heimilislögsagnarumdæmis síns, sem hentugra þykir að kyrresetja en verðmæti í því lögsagnarumdæmi, ef hann er útlendingur, ef hann er á förum úr landi eða annars þykir vera hætt á spjöllum á rétti gerðarþola.

11. gr.

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrresetning varðar, gjaldþaga, tryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skyllt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Frestir má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

12. gr.

Áður en kyrresetning byrjar, skal fógeti krefja beiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema:

1. Þegar hafi verið sett nægileg trygging, sbr. 9. gr., enda hafi fógeti borið það atriði undir gerðarþola, ef hann er við staddur eða eftir að til hans náðist.
2. Gerðarþoli hafi afsalað sér berum orðum tryggingu.
3. Krafa hafi verið eða sé berum orðum viðurkennd fyrir dómi og telja megi hana nægilega háa til greiðslu bóta, enda samþykki gerðarbeiðandi, að hún verði látin ganga upp í skaðabótakröfu eftir þörfum, ef því verður að skipta.
4. Ef krafa gerðarbeiðanda er slík, að eigi þurfi tryggingu að setja lögum samkvæmt.

Fógeti metur eða lætur meta tryggingu, ef með þarf, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir aðrar, er hana varða. 18

Skyll er að skila tryggingarfé eða tryggingarskjali, ef gerðarþoli hefur ekki höfðað mál til bóta innan þess frests, sem í 3. málsg. 24. gr. segir, eða gerðarbeiðandi hefur verið sýknaður af bótakröfu. Fógeti getur og skilað tryggingu, ef gerðarþoli hefur hvorki haft uppi bótakröfu í staðfestingarmáli né slegið þar varnagla um hana, enda eigi höfðað sérstakt mál í því skyni. 22. marz

13. gr.

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

14. gr.

Fógeti bókar þau verðmæti, er kyrrsetja skal, og áætlað verð hvers þeirra fyrir sig, nema kyrrsett sé eitt einstakt verðmæti, sem tvímælalaust megi telja nægilegt. Rétt er að kyrrsetja til bráðabirgða í einu lagi safn samkynja muna eða muna, sem nefndir eru sameiginlegu heiti, svo sem bókasafn, vörubirgðir, útistandandi skuldir samkvæmt verzlunarbók o. s. frv., enda séu varnir við því settar eftir föngum, að slíku munasafni verði raskað, enda skal gerðin tekin upp aftur, svo fljótt sem unnt er, og þá gerð sundurliðuð skrá um munina og áætlað verð þeirra eftir föngum.

Nú eru útistandandi skuldir kyrrsettar, og tekur kyrrsetning þá einnig til óheimtra vaxta, enda má kyrrsetja kröfu til þeirra sér. Rétt er, að fógeti eða sá, er hann nefnir til, heimti skuldir og vexti, og gerir fógeti skil í því efni, jafnskjótt sem fullnaðardómur gengur eða sátt er gerð um kyrrsetningarkröfu.

15. gr.

Gerðarþola er rétt og skyllt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meina-lausu. Brýna skal fógeti fyrir gerðarþola að segja satt og rétt til um eignir sínar og benda honum á þá refsíabýrgð, sem visvitandi rangar skýrslur um það efni hafa í för með sér. Rétt er fógeta, ef boð hans stoðar ekki og að undangengnum úrskurði, að opna hús og hirzlur gerðarþola og annarra, sem líklegir eru til að hafa fjármuni hans í vörzlu, og leita þar fjármuna hans, svo og leita á honum sjálfum, og öðrum undir sama skilorði. En jafnan skal svo með fara, að sem minnstur miski eða óhagræði verði af. Fógeti getur úrskurðað sömu refsingu þeim á hendur, sem þverskallast við að láta upplýsingar í té samkvæmt þessari grein, og beita má við vitni.

Nú er gerðarþoli ekki viðstaddur, og getur fógeti þá skorað á einhvern þann fulltíða mann, sem við kann að vera, svo sem konu gerðarþola, börn eða heimamenn, að segja til um eignir hans.

Skyllt er fógeta að benda á rétt gerðarþola til þess að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, enda skal hann jafnan gæta þess, að eigi séu kyrrsettir munir þeir, er lögum samkvæmt er bannað að taka fjárnámi.

Tilkynna skal gerðarþola kyrrsetningu, ef hann var ekki við hana staddur.

18 22. marz Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað, getur borið fram kröfur sínar fyrir fógeta til úrlausnar, meðan gerð er framkvæmd, enda getur þriðji maður þá kært úrskurð fógeta með venjulegum hætti.

16. gr.

Kyrrsettir munir skulu framvegis vera í vörzlu gerðarþola eða annarra, sem hann hefur falið geymslu þeirra. Þó skal fógeti eftir kröfu gerðarbeiðanda taka verðmæti til geymslu eða fá öðrum hana, ef þeim er svo varið eða högum eða framkomu vörzlumanns er svo háttað, að ástæða er til að telja gerðarbeiðanda hættu búna af varðveizlu þeirra í höndum hans, enda standi réttur þriðja manns vörzlu-skiptum ekki í vegi. Fógeti kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola og eftir kröfu hans vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörzluskiptum hafa sætt.

17. gr.

Gerðarþola er óheimilt að eyða eða spilla kyrrsettum munum, heimta eða semja um kyrrsettar kröfur eða flytja til kyrrsetta muni, svo að hætta sé á réttarspjöllum þar af, eða skjóta þeim undan. Venjuleg notkun, sem ekki hefur í för með sér eyðingu eða spjöll, er honum heimil, enda er honum skylt að geyma kyrrsetta muni eftir mætti og halda þeim við eins og venja er um samskonar muni.

Nú er fasteign kyrrsett með lausafjármunum, er henni fylgja, og er gerðarþola þá heimilt að eyða þeim og skipta á þeim og öðrum slíkum munum, að því leyti sem það er venjulegt til notkunar eignarinnar, enda tekur kyrrsetningin þá einnig til slíkra þeirra muna, sem aflað er til eignarinnar.

18. gr.

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynta þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

19. gr.

Kyrrsetning vikur fyrir fjárnámi. Niður fellur kyrrsetning, er nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, þú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða til skipta án ábyrgðar erfingja hans á skuldum.

20. gr.

Innan viku frá lokum kyrrsetningargerðar skal gerðarhafi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til héraðsdóms á því varnarþingi, er sækja má mál til greiðslu kröfunnar, til staðfestingar kyrrsetningar, enda sé stefnufrestur hæfilegur.

Nú hefur mál eigi verið höfðað um kröfu þá, er tryggja skyldi, og skal þá í einu lagi sækja mál til staðfestingar kyrrsetningu og til viðurkenningar kröfu, ef hún er ekki í gjalddaga fallin, en ella til aðfarardóms. Koma má að öllum vörnum, sem annars eru heimilar, bæði um kröfu sjálfa og kyrrsetningargerð að formi og efni, hvort sem varnarástæða er eldri eða yngri en gerðin og hvort sem vörn hefur verið uppi höfð fyrir fógetaðomi eða ekki.

Nú er mál um kröfu fyrir héraðsdómi, þá er kyrrsetning fór fram, og skal þá sameina staðfestingarmál því máli, enda skal taka það upp af nýju, ef það hefur

þegar verið tekið til dóms, en dómur enn eigi upp kveðinn. Skal síðan kveða upp dóm bæði um kröfu og kyrrsetningu í einu lagi. 18

22. marz

Nú hefur dómur þegar verið kveðinn upp í héraði, er staðfestingarmál er þingfest, og er héraðsdómara þá rétt að fresta staðfestingarmáli, ef héraðsdómi hefur verið áfrýjað, áður en dómur gengur um það, unz dómur gengur í hæstarétti, enda er rétt að taka staðfestingarmál upp af nýju, þótt það hafi verið dómtekið, áður en dómur hæstaréttar gekk.

Nú hefur beiðni um kyrrsetningu verið synjað eða kyrrsetning fellur niður, áður en frestur samkvæmt 1. málsg. er liðinn, og er gerðarbeiðanda þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á réttmæti gerða sinna eða kyrrsetningar, enda fer um það mál samkvæmt því, er mælt var, eftir því sem við á.

Priðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningargerð, getur og haft uppi kröfur sínar þess vegna með meðalgöngu í staðfestingarmáli eða í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar kyrrsetningar, sem hann telur ranglega gerða á réttindum sínum, eða til skaðabóta af þeim sökum.

Eigi verður kyrrsetningargerð áfrýjað.

21. gr.

Nú hefur eign erlendis búsetts manns verið kyrrsett hér á landi, og er þá rétt að birta stefnu til staðfestingarmáls vörzlumanni fjármunanna eða einhverjum þeirra, ef þeir eru fleiri en einn. Ef fjármunir eru kyrrsettir í tveimur lögsagnarumdæmum eða fleirum, má mál sækja í hvoru eða hverju þeirra, er gerðarhafi kys. Í slíku máli verður einungis dæmt um lögmæti kyrrsetningar og veitt heimild til aðfarar í munum þeim, sem kyrrsettir voru, nema skuldunautur komi sjálfur fyrir dóm eða löghæfur maður með umboði hans til flutnings málsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að ekki standi milliríkjasamningur því í vegi.

22. gr.

Nú verður staðfestingarmál ekki þingfest sækjanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið samkvæmt 3. eða 4. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936, og er þá rétt að höfða mál af nýju innan viku frá því, er sækjanda varð kunnugt um málalok. En eigi má oftast svo með fara, nema það megi telja sækjanda óviðráðanlegt, að máli hans lauk með þeim hætti.

Nú skyldi mál hafið samkvæmt 1. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936 eða kyrrsetning er niður fallin samkvæmt 19. eða 25. gr., og heldur þá mál til staðfestingar áfram, nema varnaraðili tjái sig engar kröfur gera vegna kyrrsetningar.

23. gr.

Nú er eigi að lögum leitað staðfestingar á kyrrsetningu, og er hún þá niður fallin frá því, er gerðarhafi mátti í síðasta lagi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til staðfestingar hennar samkvæmt 1. málsg. 20. gr. eða 1. málsg. 22. gr.

Nú er staðfestingar leitað, en kyrrsetning er felld niður með héraðsdómi, og stendur hún þó næstu 3 vikur talið frá dómsuppsögu, ef gerðarhafi var við hana staddur, en ella frá birtingu dóms fyrir honum. Að loknum fresti fellur kyrrsetning niður, nema gerðarhafi sanni innan þessa tíma fyrir fógeta, að hann hafi tekið út áfrýjunarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu fyrir æðra dómi. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um niðurfall kyrrsetningar, telst hún niður fallin frá dómsuppsögu.

Eigi má aflýsa innritaðri eða þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að eigi hafi verið áfrýjað samkvæmt 2. málsg.

Um vörzluskipti kyrrsettra muna þer gerðarþola jafnan að leita aðgerða fógeta,

18 þegar svo stendur á sem í 2. málsg. segir, enda mega þau ekki verða, meðan gerðarhafa er kostur áfrýjunar samkvæmt henni.

24. gr.

Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmet og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær.

Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsg. 264. gr. almennra hegningarlaga.

25. gr.

Samkvæmt kröfu gerðarhafa skal fógeti taka kyrrsetningargerð upp af nýju:

1. Ef nauðsynlegt má teljast til verndar hagsmunum hans, svo sem til þess að kyrrsetja meira en áður var gert, til vörzluskipta kyrrsettra muna o. s. frv.
2. Til skila á tryggingu, er hann hefur sett.
Samkvæmt kröfu gerðarþola skal fógeti taka upp kyrrsetningargerð af nýju:
 1. Ef munir hafa teknir verið, er eigi skyldi kyrrsetja, kyrrsett hefur verið að mun meira en þörf var til, nauðsyn þykir vera á vörzluskiptum kyrrsettra muna o. s. frv.
 2. Ef gerðarþoli leysist undan kröfu eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms, eða fram er boðin lögleg greiðslu eða trygging, fúlga greiðist ekki, frestur um kyrrsetning á honum sjálfum er liðinn o. s. frv.
 3. Ef staðfestingar er ekki löglega leitað eða kyrrsetning hefur verið felld úr gildi með úrslitadómi, enda sé gerðarþola nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til þess að afmá þær takmarkanir, sem gerðar hafa verið í umráðaheimild hans yfir kyrrsettum munum eða umráðamöguleika.

Samkvæmt kröfu þriðja manns skal fógeti taka gerð upp, ef þriðji maður telur hafa verið gengið ólöglega á rétt sinn með kyrrsetningu, svo sem ef telja má hann eiga þann hlut, sem kyrrsettur var o. s. frv.

Fógeti getur breytt fyrri ályktunum sínum, bæði ef ný atriði koma fram og atriði eldri en gerðin, ef þau hafa ekki komið áður fram eða eigi komið til greina við fyrri ákvarðanir fógeta.

Kæra má ákvarðanir fógeta, en ekki frestar kæra framkvæmd þeirra, nema sýnt megi þykja að dómi fógeta, að engin réttarspjöll stafi af frestun.

Nú fellir æðri dómur synjun fógeta um lausnargerð eða aðrar aðgerðir samkvæmt þessari grein úr gildi, og getur aðili þá heimtað bætur af gerðarhafa fyrir tjón það, er synjun kann að hafa bakað honum, eftir almennum skaðabótareglum.

Nú ónýtir æðri dómur lausnargerð, og ber fógeta þá að koma því í samt lag, er raskazt hefur vegna lausnargerðar hans, eftir því sem kostur er.

III. KAFLI

Um lögbann.

18

22. marz

26. gr.

Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmatum hætti rétti gerðarbeiðanda. Við athöfn þeirra, er fara með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, má undir sama skilorði beita lögbanni, ef athöfn varðar meðferð einstaklingsréttinda eða hanna skal athöfn í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins, eða telja má aðilja fara út fyrir valdsvið sitt.

27. gr.

Ákvæði 9. gr., upphafsákvæði 10. gr., 11., 12., 15. gr. 2. málgr., 16.—18. gr., 20. gr., 1. málgr. 22. gr. og 23.—25 gr taka og til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðru vísi mælt, sbr. 28. gr.

28. gr.

Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðiljar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni.

Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annarskostar skal birta honum bann.

Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málgr. 24. gr.

Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

29. gr.

Nú brýtur gerðarþoli vísvitandi eða af stórvægilegu gáleysi lögbann, og varðar það sektum til ríkissjóðs eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Gerðarhafi á sókn þess máls.

30. gr.

Skylt er lögreglumönnum að veita aðstoð sína til þess að halda uppi lögbanni, enda er þeim rétt að beita valdi því til varnar, ef með þarf.

31. gr.

Gerðarþola er skylt að bæta skaða þann, er brot hans eða manna hans, framin af ásetningi eða gáleysi, á lögbanni, hafa í för með sér. Sama er um tjón á munum eða réttindum, er lögbann varðar.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. júní 1949.

Frá sama tíma eru úr lögum numin ákvæði N. L. 1—19, sbr. konungsbr. 2. maí 1732, tilsk. 10. des. 1790, opið bréf 30. nóv. 1821 og önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

33. gr.

Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

18 Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir
22. marz 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. júní 1949.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

19

22. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr
Öskjuholtslandi í Landsveit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja landræmu, utan sandgræðslugirðingar, úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

20

22. marz

L Ö G

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við umreikning á tekjum og ákvörðun skatta af þeim samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skal miðað við vísitölu 315, á meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.